

Mál nr. 187/2003

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. almennrar slysátryggingar (V)

Maður sleit sín í fæti þegar hann var að reka úr túni þ. 22.6.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.9. 2003 ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 737/03
3. Bréf V h.f.dags. 25.8., 15.9. og 5.10.2003.
4. Læknisvottorð dags. 18.8.2002 og 19.10.2000

Málsatvik.

M var að hlaupa á eftir hrossi að degi til þegar hann fann að eitthvað gaf sig í hægri kálfa og reyndist sín í hægri kálfa hafa slitnað. Í bréfi lögmans M segir að hann hafi lent í sandholu og fallið við það og slitið sín í hægri fæti. M krefst bóta úr almennri slysátryggingu sinni hjá V. Af hálfu lögmans M er bent á að um sé að ræða utanaðkomandi atburð sem hafi valdið meiðslum á líkama M þar sem M hafi lent í sandholu og fallið. Af hjálfa V er bent á það að það séu nýjar upplýsingar sem fram komi í umboði til lögmans M og málavaxtalýsingu lögmansins að M hafi stigið í sandholu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að líkamsmeiðsl M megi rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi skilmála og vátryggingaréttar. V bendir á að ekkert komi fram í tjónstilkynningu og læknisvottorðum sem gefin séu skömmu eftir tjónstilvikið um utanaðkomandi atburð. V telur seinni tíma skýringu M á tjónsatvikinu ótrúverðuga en hún komi fyrst fram eftir að V hafi hafnað bótaskyldu og M hafi leitað aðstoðar lögmans.

Álit.

Hvergi í gögnum málsins sem liggja fyrir um tjónsatburðinn öðrum en umboði M til lögmans síns og málavaxtalýsingar lögmansins kemur fram að M hafi lent í sandholu í umrætt sinn og fallið og við það hafi sín á hægri fæti slitnað. Í tjónstilkynningu sem gefin er tæpum mánuði eftir slysið er ekki minnst á sandholuna. Í læknisvottorði dags. 18.8.2000 er haft eftir M um tjónsatburðinn að það hafi verið eins og einhver hafi sparkað í hann. Í læknisvottorði dags. 19.10.2000. er haft eftir M um tjónsatburðinn “Var að hlaupa á eftir hrossi þegar hann fékk skyndilega verk í hægri kálfa.” Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki á það fallist að tjón M megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atviks eða atburðar og er tjónið því ekki bótaskyldt úr tryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.10. 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.